Brunamálastofnun

# Viðurkenning

Umsækjandi

**Þ.Þorgrímsson & Co.**
**Ármúla 29,**
**105 Reykjavík**

Númer: 2002:35
Flokkur: **B04**

Efni viðurkenningar:
VIROC (Tarnit / Garnit/Cemwood) út- og innveggjaplötur, sem klæðning í flokki 1.

Lýsing:

Efnið í plötunum er trétrefjastyrkt portlandssementssteypa með rúmþyngd minnst 1250 kg/m$^3$ og er þykkt plötunnar um 6 - 42 mm.

Samkvæmt vottorði nr. 554 frá NFS í Noregi er VIROC platan viðurkennd sem klæðning í flokki 1 sé platan minnst 10 mm þykk.
Eftir athugun á framlögðum gögnum hefur Brunamálastofnun flokkað VIROC sem klæðningu í flokki 1, með eftirfarandi skilyrðum.

1. Óheimilt er að einangra með brennanlegri einangrun undir VIROC sem loftræsta útveggjaklæðningu nema til komi viðbótar eldvörn í flokki 1 á einangrunina.
2. Við mat á bili milli húsa sem klædd eru með VIROC útveggjaklæðningu skal farið eftir greinum 75.1 stafliö a-c í byggingarreglugerð nr. 441/1998 auk almennra ákvæða.
3. Við meðhöndlun og uppsetningu á plötunum skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda.

Brunamálastofnun áskilur sér rétt til að breyta eða fella niður, fyrirvaralaust og án nokkurra bóta, ofangreinda viðurkenningu að hluta eða að öllu leyti verði breytingar á gildandi stöðlum eða reglum um ofangreint efni eða það komi í ljós að einhverjar upplýsingar sem viðurkenningin byggir á hafi verið rangar eða rangt túlkaðar eða ef frágangur og merkingar eru ekki í samræmi við ofanritað. Viðurkenningin gildir einungis á Íslandi.

Viðurkenningin gildir til: 31. desember 2005

Reykjavík 6. desember 2002

Guðmundur Gunnarsson yfirverkfræðingur

**F.h. Þ. Þorgrímsson & Co. ehf.**

Laugavegi 59, 101 Reykjavík. Sími 552 5350 Fax 552 5413 Netfang gg@brunamal.is Heimasíða http://www.brunamal.is Kt. 480870-0509